

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Seyðisfirði um innflutning á hundi. 59

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá simritara C. Groneman, sem ætlar 25. mars að setjast að á Seyðisfirði um miðjan maí þ. á., um að honum verði leyft að flytja á land þar hund.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að hundinum fylgi vottorð dýralæknis, samskonar og það sem hjer fylgir, útgefið samdægurs og hundurinn er sendur af stað frá Finnlandi,
2. að hundurinn sje sendur beint til Íslands (Seyðisfjarðar) án þess að hann komi nokkursstaðar á land á leiðinni, og
3. að hjeraðslæknirinn á Seyðisfirði skoði hundinn er hann kemur í land, og sömuleiðis eftir að honum hefir verið haldið aðgreindum frá öðrum hundum í 14 daga, og finni ekkert við heilbrigði hans að athuga.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum simritara hefir verið tilkynnt leyfi þetta hjeðan.

Brjef stjórnarráðsins til biskupsins um eftirlaun prestsekkju.

Með brjefi, dags. 20. f. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, spurst fyrir um það, hvernig eigi að ákveða eftirlaun ekkju síra Þorleifs Jónssonar frá Skinna- stað, Sesselju Þórðardóttur.

Takið þjer það fram, að að öllu óbreyttu hefði nefndri prestsekkju hið 60 næsta fardagaár, náðarárið, borið $\frac{1}{4}$ fastra tekna Skinnastaðarprestakalls, en sá 1. maí hluti er eftir síðasta mati kr. 277,67, og síðan $\frac{1}{10}$ matsupphæðarinnar kr. 127,73 um árið, en frá fardögum 1910 hefir síra Þorleifur sem sextugur að aldri komist undir hin nýju launakjör og notið 1700 kr. launa, án þess að honum hafi verið gjört að skyldu að kaupa ekkju sinni lífeyri. Virðist yður óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara hærri launa manns hennar, er eftirlaunin eru ákveðin, og leggið þjer því til, að nefnd prestsekkja næsta fardagaár njóti náðarársins eða kr. 277,67, og fái síðan í eftirlaun $\frac{1}{10}$ hluta af tekjum manns síns síðustu árin, eða 170 kr. árlega.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, að nefndri prestsekkju ber rjettur til náðar- árs fyrir fardagaárið 1912-13 kr. 277,67, er greiðast úr landsjóði, en um eftirlaun hennar að öðru leyti lítur stjórnarráðið svo á, að ákvæði laga nr. 39, 30. júlí 1909, um að prestar, sem eru orðnir 60 ára að aldri, hafi rjett til hærri launa samkvæmt hinum nýju launa- lögum presta, hafi ekki breytt eftirlaunarjetti ekkna þeirra, og sje því ekki laga- heimild til þess að greiða umræddri prestsekkju hærri eftirlaun en $\frac{1}{10}$ af tekjum Skinnastaðarprestakalli, eins og þær eru ákveðnar í síðasta brauðamati.

Samkvæmt þessu hafa eftirlaun frá Sesselju Þórðardóttur verið ákveðin kr. 127,73 frá fardögum 1913 að telja.

Þetta tilkynnist yður hjer með, að því viðbættu, að landsfjehirði hefir verið skrifað um það, sem með þarf, um útborgun eftirlaunanna.